



Ungmenna- og tómstundabúðir Ungmennafélags Íslands

Á föstudögum kl. 10.00 er gestum ungmennabúða smalað á fund í matsalnum og þeir beðnir um að skila inn mati á dvöl sinni. Yfirléitt eru þau beðin að skipta sér upp í 4-5 manna hópa og skila inn sameiginlegu mati en lögð áhersla á að séu þau ekki öll sammála eigi þau að skrifa niður misjafnar skoðanir sínar. Spurningarnar sem lagðar eru fyrir þau eru æði misjafnar og ráðast oft af því hvort það sé eitthvað sérstakt þá vikuna sem við viljum láta meta. Einnig eru kennarar teknir í smá viðtal og spurðir út í þeirra upplifun af starfinu hérna. Hér fyrir neðan eru saman dregin helstu svör við þeim spurningum sem við höfum hvað oftast spurt um haustið 2016.

Efnisyfirlit

Matsblöð nemenda	2
Matsblöð kennara	6

Matsblöð nemenda

Fannst þú breytingar á liðinu þínu í gegnum vikuna?

112 svarblöð

Já, við fundum fyrir breytingu á liðinu = 106 svör (95%)

Nei, fundum ekki fyrir neinni breytingu = 6 svör (5%)

Stundum spyrjum við hver breytingin hafi verið og eru þar allir sammála því að liðið hafi orðið að liði, andinn betri, þau hafi farið að tala meira saman og hætt að vera feimin. Einnig eru þau stundum spurð hvenær vikunnar þetta hafi gerst. Langalgengasta svarið er að þetta hafi gerst á fimmtudegi í og fyrir Laugaleika, en einnig að það hafi gerst jafnt og þétt yfir vikuna. Nokkrir póstar hafa greinilega meiri áhrif en aðrir á þessa þróun, en þar nefna þau helst Drauma teymið, þrautabrautina og kvöldskemmtun á þriðjudegi.

Fórst þú einhvern tíman í vikunni útfyrir þægindarammann með því að gera eitthvað sem þér fannst óþægilegt, erfitt eða helst að þú gætir ekki?

98 svarblöð

Já, ég fór einhvern tíman í vikunni útfyrir þægindarammann= 89 (91%)

Nei, ég fór aldrei út fyrir þægindarammann = 9 (9%)

Það sem langoftast nær þeim útfyrir þægindarammann er ræðumennska í Kjarkur og þor, einnig nefna þau traustafallið í þrautabrautinni þar sem þau láta sig falla afturábak úr staur og þurfa að treysta liðsfélögum til að grípa sig, í Drauma teyminu klifrar allur hópurinn upp vegg sem reynist mörgum óþægilegt eða erfitt, í Traustagöngunni ganga þau um umhverfi Lauga með bundið fyrir augun og í Stefnumóti þurfa þau að setjast niður í hraðstefnumóti með öllum í liðinu.

Funduð þið fyrir hvatningu í vikunni?

72 svarblöð

Já ég fann fyrir hvatningu í vikunni 72/72 (100%)

Yfir 90 % segjast finna fyrir hvatningu frá liðinu, þar af flest á Laugaleikunum og í undirbúningi Laugaleikanna. Einnig nefna þau hvatningu frá liðinu þegar kemur að því að klifra yfir vegg, fara þrautabraut og í kvöldskemmtunum.

Öðlaðistu einhverja reynslu á Laugum sem mun nýtast þér þegar þú kemur heim?

Spurningin var ekki alltaf orðuð eins og því ekki um já/nei spurningu að ræða þar sem hægt er að meta hlutfall jákvæðra eða neikvæðra, en í flestum tilvikum höfðu þau svar við því hvaða reynslu þau hefðu öðlast, hér eru þau svör sem komu, ofar á listanum eftir því sem þau komur oftar fyrir:

Aukið sjálfstraust/sjálfsöryggi og leiðir til að öðlast það

Að vera ekki feimin að tala við ókunnuga og kynnast fólki

Samvinna skilar árangri

Að vera jákvæð gagnvart nýjum verkefnum

Almennt höfum við jákvæða reynslu

Það er gott að fara útfyrir þægindarammann

Veröldin endar ekki án raftækja/það var gott að fá frið frá sínum og foreldrum

Dæma ekki eftir útlitinu

Jákvæð og opin fyrir öðru fólki

Vertu fyrstur til að kynnast nýju fólki, ekki bíða eftir að fólkið komi til þín

Meiri samskipti eru af hinu góða

Að hvatning er mikilvæg

Við fræddumst heilmikið

Við mættum vera meira út í náttúrunni

Aldrei að fara í kjallara með einhverjum sem er að segja þér draugasögur

Að treysta öðrum

Nammi er ekki nauðsynlegt

Ef maður kemur með því hugarfari að maður geti ekki eitthvað þá getur maður það ekki

Efstu fjögur atriðin: aukið sjálfstraust, mikilvægi þess að vera ekki feiminn og tala við ókunnuga, mikilvægi samvinnu og jákvæðni gagnvart nýjum verkefnum komu fyrir á svarblöðum í öllum þeim vikum sem spurt var um þetta.

Fannst ykkur Hólagangan erfið?

95 svarblöð

Já, okkur fannst hún erfið = 20/95 (21%)

Hvorki erfið né létt = 20/95 (21%)

Nei, hún var ekki erfið = 55/95 (58%)

Var önnur leiðin í Hólagöngunni erfiðari en hin?

49 svarblöð

Nei, leiðirnar voru jafn erfiðar = 18/49 (37%)

Leiðin að heiman var erfiðari = 19/49 (39%)

Leiðin heim var erfiðari = 12/49 (25%)

Hvernig stóð leiðbeinandinn í Hólagöngunni sig í að gera ferðina góða og áhugaverða?

49 svarblöð

100% svarenda svöruðu að leiðbeinandinn hefði staðið sig vel en flest höfðu þó eitthvað um þá að segja:

Leiðbeinandinn var leiðinlegur á heimleiðinni og strunsaði

Þau hefðu viljað fá val um að vaða yfir ána

Þeim fannst skemmtilegt að heyra sögur af svæðinu

Gangan var ekki alveg nógu áhugaverð

Leiðbeinandinn villtist – sem þeim fannst galli

Á mörgum svarblöðum má sjá athugasemdir um leiðbeinanda að þau hafi þurft að flýta sér heim, þau hafi ekki fengið eins mikla leiðsögn á leiðinni heim og að hún hafi verið leiðinlegt, þrátt fyrir að hafa í raun verið léttari. Þó að niðurstöður þessarar könnunnar sé etv. Ekki marktæk, gefa þær þá tilfinningu að þau vilji líka fá verkefni á leiðinni heim og þeim þyki skemmtilegra að vera í einhverskonar hópavinnu heldur en bara að ganga. Etv. Þyrftum við að breyta dagskránni þannig að enginn hópur þurfi að stekkja heim.

Var einhver tími eða verkefni á Laugum sem reyndi sérstaklega á einbeitingu þína?

84 svarblöð

Já, það reyndi á einbeitingu mína 78/84 (93%)

Nei, vikan reyndi ekkert á einbeitingu mína 6/48 (7%)

Þeir tímar sem reyna mest á einbeitingu nemenda eru eftirfarandi (í þeirri röð sem þau koma oftast fyrir):

Gögl

Traustaganga

Laugaleikar, æfingar og framkvæmd innkomuatriðis

Allir tímar í Alþingi

Matsblöð kennara

9 svarblöð

Í örfáum orðum, lýsið því hvað var hápunktur ferðarinnar?

Hér koma þau svör sem komið hafa, efst þau svör sem oftast koma fyrir:

Hólagangan í heild sinni x 5
Laugaleikarnir og Sundlaugarpartýið x4
Samvinnan og gleðin x3
Útivistin x2
Hvað það gekk vel með krakkana x2
Verkefni sem tengjast trausti og samvinnu
Góðir leiðbeinendur
Skipulag og dagskrá til fyrirmyndar
Ísbjörninn
Gögl

Hvað var síst í vikunni?

Efst eru þau svör sem oftast koma fyrir

Mánudagurinn, ofgnótt upplýsinga og mikil seta x3
Kvölddagskrá mánudaginn x2
Vaktaplan kennara
Vantaði skýrari línur varðandi hlutverk og samskipti kennara og eldhúss
Draugalegt á næturvaktinni
Vond lykt af unglíngunum
Væri gott að fá betri vaktaðstöðu á 300 gangi
Erfitt fyrir kennara að dæma í leik á milli sinna nemenda
Veðrið
Næturvakt kennara
Ekki svefnfriður á kennaraherbergjum vegna hótélgesta

Hvað gerist hér á Laugum sem ekki gerist í hefðbundnu skólastarfi?

Stórlega aukin samskipti og á milli nemenda/félagsfærni x6

Gott að losna við raftæki x3

Lítill kraftaverk gerast hérna

Hópurinn hristist saman/aukin samkennd x3

Læra virðingu fyrir reglum x2

Nemendur þroskast

Þau læra sjálfstæði og ábyrgð

Meiri útivera

Aðrir nemendur en venjulega sem blómstra hér

Skýrari sjálfsmynd

Hvaða gildi eigum við að kenna hér/ leggja áherslu á ?

Vináttu/samheldni/samkennd x 5

Samvinnu x4

Umburðarlyndi x4

Félagsþroska, tengsl og samskipti x4

Ábyrgð x3

Virðing x3

Kurteisi x2

Jákvæðni x2

Virkni/þátttaka

Borða allan mat

Útivera

Að nemendur hafi húmor fyrir sjálfum sér

Koma nemendur nægilega vel undirbúnir hingað á Laugar?

Undirbúningurinn er nægilega góður x6

Það eru a.m.k. Allar upplýsingar í boði (hvort sem þau nýta sér þær eða ekki) x3

Gott að þau viti passlega mikið

Senda foreldrum upplýsingar bæði rafrænt og útprentað

Alltaf er hægt að gera betur

Mætti koma fram að sængur og koddar séu á staðnum

Hversu margir lásu handbókina áður en þeir komu?

80% kennara sem komu á haustönn höfðu lesið handbókina áður en þeir komu

Vantar einhverjar upplýsingar í handbókina?

Handbókin er góð – vantar bara að fólk lesi hana ;) x3
Það mætti einfalda upplýsingar/stytta málið x2
Flottur útvistarbæklingurinn
Vantar niðurröðun á dagskrárliðum og tímaáætlanir
Vantar að skýra málin með sængur og sængurver
Einnig minna á vaðskó og auka skó

Komuð þið (kennararnir) nægilega vel undirbúin að Laugum?

Já x6
Já, nema ekki hafði verið skipaður aðalfararstjóri

Hvaða áhrif haldið þið að kennarar /fararstjórar hafi á dvöl nemenda hérna?

Vera kennaranna veitir krökkunum ákveðið öryggi x4
Tengsl á milli kennara og nemenda styrkjast mjög x3
Undirbúningurinn skiptir öllu máli, að fara með góð markmið á Laugar, skapa stemningu x2
Kennarar geta veitt krökkunum hvatningu x2

Hversu mikilvægt er útinámið hérna og af hverju?

Það er mjög mikilvægt til að bæta náttúrulæsi x9

Mikilvægt til að bæta náttúrulæsi
Þau koma sjálfum sér á óvart stundum úti
Heima standa skólarnir illa gagnvart útinámi
Þeir hafa gott af því að kynnast náttúrunni
Mikilvægt til að upplifa náttúruna og dýrin og veðrið
Þau þurfa að læra að þegar það er rigning þá verða þau blaut
Það er stór hluti af upplifuninni, sama hvernig viðrar
Það er mikilvægt til að þau læri að klæða sig
Þau þurfa að læra að það geti verið gaman að vera úti daglega

Sjáið þið fyrir ykkur að við gætum verið með enn frekara útinám hérna?

Já, meira úti væri mjög jákvætt x5
Eins og er, er jafnvægið úti/inni passlegt x3

Matreiðsla
Læra meira á náttúruna
Eldur/varðeldur

Ef þið mættuð ráða, hvað vilduð þið sjá hér sem er ekki í boði eða til staðar?

Meiri varðeldastemningu
Betri þurrkaðstöðu til að þurrka blaut föt
Hér er allt til alls
Kvöldvökur
Meiri tengsl við Laxdælu
Kynfræðslu
Lítil námskeið eins og voru, t.d. brjóstsykursgerð
Keilubraut og klifurvegg á færiband
Þythokki
Glymskratti
Pókerborð

Er eitthvað sem þið viljið bæta við að lokum?

„VIÐ ERUM MJÖG GLÖÐ, FRÁBÆRT AÐ SJÁ ÞROSKA NEMENDANNA OKKAR Á
FIMMTUDÖGUM, TAKK FÝRIR OKKUR!“
TAKK KÆRLEGA FYRIR OKKUR, ÞETTA VAR FRÁBÆR UPPLIFUN

Takk fyrir samveruna

Frábær upplifun fyrir alla, Laugaleikarnir heppnuðust mjög vel, gaman að sjá hvernig
þau unnu saman í hópunum.

Takk fyrir okkur

Mikið er af hópeflisleikjum, væri skemmtilegt að hafa verkefni sem reyna á sköpun og skapandi
hugsun

Við þökkum kærlega fyrir okkur

TAKK FYRIR OKKUR, OG GAMAN AÐ LILLA ER ENN HÉR Í ANDA – GÓÐUR MATUR

